

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/9/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 305/09/COL frá 8. júlí 2009 um orkusölusamning sem sveitarfélagið Notodden hefur gert við Becromal Norway AS (Noregur)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/9/02		Kæra Furstadæmisins Liechtensteins á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 22. desember 2010 (Mál E-17/10)	10
2011/EES/9/03		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi sem lögð var fram 22. desember 2010 (Mál E-18/10)	11
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/9/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6059 – Norbert Dentressangle/Laxey Logistics)	12
2011/EES/9/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6121 – GEA Dutch Holdings B.V./CFS Holdings B.V.) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2011/EES/9/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6130 – AXA IMPEE/Novacap) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2011/EES/9/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6138 – Banque Privée 1818/Messine Participations/Rothschild Assurance et Courtage/Rothschild & Cie Gestion) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2011/EES/9/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5986 – Schindler/Droege/ALSO/Actebis)	16
2011/EES/9/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6033 – Johnson & Johnson/Crucell)	16

2011/EES/9/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6053 – CVC/Apollo/Brit Insurance)	17
2011/EES/9/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6055 – Strabag SE/EW4E Group/BMG JV)	17
2011/EES/9/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6073 – Daimler/Beiqi Foton Motor Co/Beijing Foton Daimler Automotive Co)	18
2011/EES/9/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6079 – BBVA/Dogus Holdings/Turkiye Garanti Bankasi JV)	18
2011/EES/9/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6088 – HIG Capital/Der Grüne Punkt – Duales System Deutschland)	19
2011/EES/9/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6090 – PZ Cussons/Wilmar Africa Investments/JV)	19
2011/EES/9/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6107 – Platinum Equity/Nampak Paper Holdings)	20
2011/EES/9/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6111 – Huaneng/OTPPB/InterGen)	20
2011/EES/9/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6124 – Ferrovie dello Stato/Cube Transport/Arriva Deutschland)	21
2011/EES/9/19	Ríkisaðstoð – Holland – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) – Málsnúmer MC 10/09 – innlausn ING á GHT1 blönduðum gerningum	21
2011/EES/9/20	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 22/10 (áður N 701/09) – Aðstoð við aðstoðarmenn á sviði nýsköpunarvinnu (rannsóknir og þróun) – Þýskaland	21
2011/EES/9/21	Ríkisaðstoð – Malta – Málsnúmer C 32/10 (áður N 520/09) – Umhverfisverkefni í tengslum við Delimara-orkuverið – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	22
2011/EES/9/22	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – „Samois-S/Seine-leyfið“	23
2011/EES/9/23	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – „Meaux-leyfið“ og „Deux-Nanteuil-leyfið“	24

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/9/01

305/09/COL

frá 8. júlí 2009

um orkusölusamning sem sveitarfélagið Notodden hefur gert við Becromal Norway AS

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. og 4. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽⁵⁾ og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 718/07/COL um að hefja formlega rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁶⁾. Stofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila. Engar athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn í bréfi dagsettu 4. febrúar 2008 (skjal nr. 463572).

Viðtakandi aðstoðarinnar, Becromal Norway AS, óskaði eftir fundi með fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA með bréfi dagsettu 21. maí 2008. Fundur var haldinn í húsakynnum stofnunarinnar 11. júní 2008. Þar nefndu fulltrúar Becromal meðal annars annan samning sem sveitarfélagið Notodden og Becromal hafa gert með sér og lýtur að notkun sveitarfélagsins á afrennslisvatni frá orkuverinu sem Becromal starfrækir (skjal nr. 482695).

2 Lýsing á ráðstöfuninni sem tekin hefur verið til rannsókna.

Notodden er sveitarfélag í Þelamerkurfylki í suðaustanverðum Noregi. Sveitarfélagið liggur þar sem tvær ár renna í Heitardalsvatn (Heddalsvatnet) og er mikla vatnsorku að finna innan landamerkjja þess.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Sjá Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 36.

⁽⁶⁾ Sjá Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 38.

Af þeim sökum á sveitarfélagið rétt á tilteknu magni „sérleyfisorku“ á hverju ári frá sérleyfishöfum sem nýta orku vatnsfallanna. Reglur um sérleyfisorku koma fram í 12. tölul. 2. gr. laga um kaup á vatnsföllum o.fl. og 15. tölul. 12. gr. laga um nýtingu vatnsfalla ⁽⁷⁾. Samkvæmt þessum tvennum ákvæðum, sem eru eins að orðalagi, eiga fylki og sveitarfélög, sem hafa orkuver innan landamerkja sinna, rétt á að kaupa allt að 10 af hundraði allrar ársframleiðslu orkuversins á verði sem ríkið ákveður. Þegar um ræðir sérleyfi, sem voru veitt fyrir árið 1959, til að mynda leyfið sem hér er til umfjöllunar, byggist verðið á svonefndum „eigin kostnaði“ orkuversins, nema samið hafi verið um lægra verð ⁽⁸⁾. Verðið, sem greitt er fyrir sérleyfisorkuna, verður þannig yfirleitt lægra en markaðsverðið.

Réttur hvers sveitarfélags til sérleyfisorku er ákveðinn með hliðsjón af „almennri raforkuþörf“ þess. Að sögn Vatna- og orkustofnunar Noregs [Norges vassdrags- og energidirektorat] fellur undir það hugtak raforka til iðnaðar, landbúnaðar og heimilisnota, en ekki orka til orkufreks iðnaðar eða úrvinnslu trjáviðar ⁽⁹⁾. Frá árinu 1988 hefur sveitarfélagið Notodden átt rétt á hér um bil 3,9 GWh frá Sagafossvirkjun í Notodden, og virðist sú tala hafa hækkað í 7,114 GWh árið 2002 ⁽¹⁰⁾.

Auk sérleyfisorkunnar, sem sveitarfélagið átti rétt á samkvæmt reglum um slíka orku, virðist sveitarfélagið Notodden hafa átt sjálfstæðan rétt til nýtingar á Sagafossvirkjun í Notodden. Orkuframleiðsla á grundvelli þessa réttar fór fram á vegum Tinfos AS en ekki sveitarfélagsins sjálfs. Á móti átti sveitarfélagið rétt á að fá enn meiri orku afhenta frá orkuverinu. Viðskiptasamband Notodden og Tinfos stjórnast sem stendur af samningi sem var gerður 15. ágúst 2001 ⁽¹¹⁾. Sá samningur hefur að geyma ákvæði þess efnis að allt til 31. mars 2006 eigi sveitarfélagið rétt á að kaupa af Tinfos AS 30 GWh á ári, að meðtöldum 3,9 GWh sem teljast til sérleyfisorku. Verðið var ákveðið 13,5 øre/kWh fyrir bæði sérleyfisorkuna og viðbótarorkuna. Eftir 31. mars 2006 hefur sveitarfélagið aðeins átt rétt á að kaupa orku sem svarar til sérleyfisorkunnar og hefur frá þeim tíma gilt það verð sem ákveðið var fyrir kaup sveitarfélagsins á slíki orku.

Í viðeigandi lagaákvæðum, sem réttur sveitarfélaga til kaupa á sérleyfisorku hvílir á og vísað er til hér á undan, er sérstaklega tekið fram að sveitarfélögin geti ráðstafað sérleyfisorkunni að vild, enda þótt orkan, sem rétturinn tekur til, sé reiknuð með hliðsjón af „almennri raforkuþörf“ þeirra. Þannig stendur ekkert í vegi fyrir því að sveitarfélögin selji orkuna hvort heldur sem er til orkufrekrar iðnframleiðslu eða annarrar iðnframleiðslu í sveitarfélaginu.

Að þessu athuguðu gerði sveitarfélagið hinn 10. maí 2002 samning ⁽¹²⁾ við álþynnuframleiðandann Becromal um endursölu á orkunni sem það átti kauprétt á samkvæmt samningnum við Tinfos. Samningurinn er afturvirkur og gildir því einnig um orkusölu til Becromal frá 14. maí 2001 til undirritunardags samningsins. Orkan, sem samið var um, virðist samsvara því sem kveðið er á um að sveitarfélagið kaupi af Tinfos til 31. mars 2007 samkvæmt samningi við það fyrirtæki, þ.e. 14,4794 GWh frá 14. maí til 31. desember 2001, 30 GWh á ári frá árinu 2002 til ársins 2005 og 7,397 GWh frá 1. janúar til 31. mars 2006, og loks nýtur Becromal kaupréttar á sérleyfisraforku sveitarfélagsins frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007. Umsamið verð endurspeglar einnig það sem kveðið er á um samningi sveitarfélagsins við Tinfos, þ.e. 13,5 øre/kWh til 31. mars 2006 og eftir það, eða frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007, „samkvæmt þeim kjörum sem sveitarfélagið Notodden kaupir orkuna á þegar þar að kemur“.

⁽⁷⁾ Þessi ákvæði eru svohljóðandi: „Útgáfu sérleyfis skal binda því skilyrði að sérleyfishafi afhendi sveitarfélögum og fylkjum, sem orkuveridd liggur í, allt að 10 af hundraði aukinnar orkuframleiðslu í hverju vatnsfalli, eins og sú aukna framleiðsla reiknast samkvæmt reglum í 1. tölul. 11. gr., sbr. þriðju mgr. 2. gr. Lögbætt ráðuneyti ákveður hversu mikil orka skuli afhent og hvernig henni skuli skipt milli viðkomandi sveitarfélags og fylkis með hliðsjón af almennri raforkuþörf hvors um sig. Stjórnir sveitarfélags og fylkis geta ráðstafað að vild orkunni sem þær fá afhenta. [...] Orkuveridd [sem sveitarfélaginu er gert að greiða] skal ákveðið með vísan til meðaltals eigin kostnaðar nokkurra orkuvera sem teljast dæmigerð fyrir allt landið. Við útreikning eigin kostnaðar skal ekki tekið tillit til skatta sem leggjast á allan hagnað af orkuframleiðslu umfram eðlilega arðsemi. Ráðuneytið ákveður á hverju ári verð fyrir orku sem er afhent við dreiftistöð orkuversins. Ákvæði fyrsta og annars málslíðar gilda ekki um sérleyfi sem voru í gildi fyrir gildistöku laga nr. 2 frá 10. apríl 1959.“ [Þýtt eftir enskri þýðingu norska oliu- og orkumálaráðuneytisins á norska textanum.]

⁽⁸⁾ „Eigin kostnaður“ orkuversins er reiknaður í samræmi við þau ákvæði laga sem giltu fram til ársins 1959. Samkvæmt þeim ber að reikna eigin kostnað sem framleiðslukostnað orkuversins, að meðtalinni 6% ávöxtun af stofnkostnaði, og bæta við 20% álagi, en síðan er deilt upp í samtöluna með árlegri meðalframleiðslu versins á árunum 1970–1999. Sjá svonefnt KTV-Notat nr. 53/2001 frá 24. ágúst 2001, skjal nr. 455241.

⁽⁹⁾ KTV-Notat nr. 53/2001, sbr. ofangreinda tilvísun.

⁽¹⁰⁾ Sjá svar stjórnvalda í Noregi við 4. spurningu annarrar beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingar, skjal nr. 449660.

⁽¹¹⁾ Viðauki við skjal nr. 449660.

⁽¹²⁾ Sjá viðauka við svar stjórnvalda í Noregi frá 9. júlí 2007, skjal nr. 428860.

Becromal nýtti sér heimildina til að kaupa sérleyfisraforku sveitarfélagsins á tímanum frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007 ⁽¹³⁾. Sveitarstjórn Notodden hefur greint frá því að á tímanum frá apríl til júní 2006 hafi hún greitt 15,21 øre/kWh fyrir sérleyfisorkuna og selt hana áfram til Becromal á sama verði. Frá júlí til desember 2006 greiddi sveitarfélagið 11,235 øre/kWh og seldi Becromal orkuna á 15,21 øre/kWh. Frá janúar til mars 2007 keypti sveitarfélagið orkuna á 10,425 øre/kWh og seldi á 14,20 øre/kWh ⁽¹⁴⁾.

Með bréfi, dagsettu 4. mars 2007 ⁽¹⁵⁾, leituðu stjórnendur Becromal eftir framlengingu á gildistíma orkukaupasamningsins. Þeir óskuðu einnig svara við því hvort unnt væri að auka orkukaup samkvæmt samningnum. Sveitarstjórnin svaraði þessari umleitan 30. apríl 2007 og bauð Becromal að kaupa sérleyfisorku sveitarfélagsins á 20 øre/kWh (en það verð er sagt samsvara skráðu stundarverði á norræna orkumarkaðnum Nord Pool í maí 2007) frá 1. apríl til 31. desember 2007 og eftir það samkvæmt samningi til þriggja ára á 26,4 øre/kWh frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010. Sveitarstjórnin tók einnig fram að frá 1. apríl 2007 myndi sérleyfisorkan nema 7,113 GWh.

Becromal sendi 30. júní 2007 svar þess efnis að fyrirtækið tæki boðinu um verð fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2007. Aftur á móti hafnaði fyrirtækið boði um orkukaup árin 2008–2010 og taldi verðið fyrir það tímabil of hátt. Sveitarstjórnin svaraði þessu, með bréfi dagsettu 4. júlí, á þann veg að með hliðsjón af bréfinu frá Becromal væri litið svo á að komist hefði á orkusölusamningur fyrir árið 2007. Drög að samningi yrðu því send fljótlega. Að því er varðaði árin 2008 til 2010 hélt sveitarstjórnin fast við að semja yrði á markaðskjörum ⁽¹⁶⁾. Sveitarstjórnin hefur síðan staðfest að enginn formlegur samningur hafi enn komist á. Engar viðræður hafa heldur farið fram um orkusölu eftir 1. janúar 2008 ⁽¹⁷⁾.

3 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Athugasemdir stjórnvalda í Noregi hafa verið fólgnar í framsendingu bréfs frá sveitarstjórn Notodden.

Þar heldur sveitarstjórnin fyrst og fremst fram þeim rökum að markaðsverð í tvíhliðasamningum til langs tíma á Nord Pool markaðnum hafi í raun verið mjög svipað verðinu sem um samdist milli sveitarfélagsins Notodden og Becromal. Raunar kemur fram í töflunni „Prices of electric energy traded in the wholesale market and concession power. 1994–2005“, sem sækja má á heimasíðu norsku hagstofunnar ⁽¹⁸⁾, að meðalverð samkvæmt samningum, sem gerðir voru til eins til fimm ára árið 2001, hafi verið 13,6 øre/kWh, en verðið, sem Notodden og Becromal sömdu um, var 13,5 øre/kWh.

Sveitarstjórnin fellst á að bæði samningsverðið og verðið, sem fram kemur í töflu norsku hagstofunnar, sé allmiklu lægra en stundarverð á Nord Pool. Í því tilliti bendir hún á að munurinn á verðinu, sem Becromal greiddi, og markaðsverði, þ.e. fjárhæð í námunda við 17,5 milljónir norskra króna sem fram kemur í bréfi sveitarstjórnarinnar til fyrirtækisins og vísað er til í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, sé í reynd munurinn á samningsverðinu og stundarverðinu.

Að því er varðar raunhæfa verðviðmiðun telur sveitarstjórnin eðlilegt að bera samningsverðið saman við tvíhliðasamninga til langs tíma fremur en stundarverð. Því er haldið fram að þótt sveitarfélagið hefði getað selt orkuna, sem keypt er samkvæmt samningnum, á stundarmarkaði, og þar með hugsanlega fengið herra verð fyrir hana, hefði því fylgt umtalsverð fjárhagsleg áhætta. Sú áhætta er afleiðing af rétti og skyldu sveitarfélagsins til að kaupa 30 GWh á ári af Tinfos fyrir 13,5 øre/kWh allt til 31. mars 2006. Hefði stundarverð fallið undir 13,5 øre/kWh á því tímabili hefði sveitarfélagið orðið fyrir tapi. Stjórnvöld í Noregi lýsa samningnum við Becromal sem baktryggingarsamningi sem hafi haft þann tilgang að tryggja sveitarfélagið gegn fjártapi.

⁽¹³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki undir höndum afrit af neinum samningi um slíka framlengingu.

⁽¹⁴⁾ Skjal nr. 521513, rafpóstur dagsettur 11. júní 2009.

⁽¹⁵⁾ Sjá viðauka við svar stjórnvalda í Noregi frá 9. júlí 2007, skjal nr. 428860.

⁽¹⁶⁾ Sjá viðauka við svar stjórnvalda í Noregi frá 9. júlí 2007, skjal nr. 428860.

⁽¹⁷⁾ Sjá svar stjórnvalda í Noregi við annarri beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingar, skjal nr. 449660.

⁽¹⁸⁾ Sjá nýjustu gerð töflunnar á slóðinni http://www.ssb.no/english/subjects/10/08/10/elektrisitaar_en/tab-2008-05-30-23-en.html.

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1.1 Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og efasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA lýsti í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn

Ríkisaðstoð er skilgreind sem hér segir í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Af þessu ákvæði leiðir að til þess að ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins teljist vera fyrir hendi verður aðstoðin að fela í sér nýtingu ríkisfjármuna, hún verður að hafa í för með sér sérstakt efnahagslegt hagræði fyrir viðtakendur, viðtakandi verður að vera fyrirtæki í skilningi EES-samningsins og aðstoðarráðstöfunin verður að geta raskað samkeppni og haft áhrif á viðskipti milli samningsríkjanna.

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að samningur sveitarfélagsins Notodden og Becromal fæli í sér sérstakt hagræði fyrir Becromal, og hefði þannig ríkisaðstoð í för með sér, ef umsamið verð samsvaraði ekki markaðsverði. Stofnunin leit svo á að af málsatvikum mætti ráða að samningsverðið hefði verið lægra en markaðsverð. Í fyrsta lagi benti stofnunin á að verðið, sem tilgreint er í orkusölusamningi sveitarfélagsins við Becromal, samsvaraði kaupverði orkunnar samkvæmt samningi sveitarfélagsins við Tinfos. Með því að þetta verð byggðist að hluta á verðinu fyrir sérleyfisorku og samsvaraði að hluta endurgjaldi til sveitarfélagsins fyrir nýtingu Tinfos á afnotarétti sveitarfélagsins af vatnsfallinu, mætti teljast líklegt að það væri umtalsvert lægra en markaðsverð.

Eftirlitsstofnun EFTA benti á að verðið virtist lágt í samanburði við verð í öðrum samningum sem gerðir voru um svipað leyti. Loks vísaði stofnunin til þeirrar staðhæfingar sveitarstjórnarinnar sjálfar að samningurinn kynni að hafa sparað Becromal 17,5 milljónir norskra króna í samanburði við markaðsverð.

1.2 Hefur fyrirtækið haft hagræði af ráðstöfuninni í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Til þess að þessu skilyrði sé fullnægt verða ráðstafanirnar að færa Becromal hagræði á þann hátt að fyrirtækinu sé hlíf við greiðslum sem það þyrfti ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Þannig getur staðið á þegar opinber stofnun ákveður gjaldskrá fyrir orku ekki samkvæmt sömu sjónarmiðum og venjulegur þátttakandi í atvinnulífinu, heldur notar hana til að færa orkunotendum fjárhagslegt hagræði⁽¹⁹⁾. Í málinu, sem er hér til umfjöllunar, telst hagræði hafa verið fyrir hendi ef orkuverð samkvæmt samningi Becromal við Notodden reynist hafa verið lægra en markaðsverð. Við þær aðstæður væri ráðstöfunin einnig sértæk þar eð hún nýtist eingöngu fyrirtækinu Becromal.

3.2.1 Forsendur ákvörðunar á markaðsverði

Fyrst er þess að geta að svo virðist sem verðákvæði samningsins, sem miðast við kostnaðarverð, sbr. ofangreint, gefi tilefni til þess að ætla að samningurinn hafi í för með sér efnahagslegt hagræði fyrir fyrirtækið. Verð fyrir sérleyfisorku, sem sveitarfélög geta keypt á grundvelli ofangreindra lagaákvæða, mun í flestum tilvikum vera umtalsvert lægra en markaðsverð. Sú ályktun ein nægir þó ekki til þess að komast að þeirri niðurstöðu að efnahagslegt hagræði sé fyrir hendi. Sýna þarf fram á að verðið hafi í raun verið lægra en markaðsverð samkvæmt samningi sem er sambærilegur við þann sem gerður var milli Notodden og Becromal.

Til þess að ákvarða markaðsverðið verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvað verðið hefði þurft að vera hátt til þess að teljast viðunandi fyrir einkafjárfesti í markaðshagkerfi. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn vísaði stofnunin til þeirra 17,5 milljóna norskra króna sem munaði á

⁽¹⁹⁾ Sjá sameinuð mál 67, 68 og 70/85 *Kwekerij Gebroeders van der Kooy BV o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, [1988] ECR 219, 28. mgr.

greiddu verði og markaðsverði. Í athugasemdum sínum við ákvörðun stofnunarinnar lögðu stjórnvöld í Noregi fram þær skýringar að þetta væri munurinn á stundarverði og samningsverðinu. Samningurinn, sem hér er til athugunar, er hins vegar tvíhliða samningur til fimm ára, og því er ekki sjálfsagt að samningsverðið sé sambærilegt við verð á stundarmarkaði, með því að slíkt verð svarar til sölu á raforku í orkukauphöllinni Nord Pool. Á markaðnum Elspot, sem Nord Pool starfrækir, fara fram á klukkustundarfresti viðskipti með orku sem koma á til afhendingar næsta almanaksdag ⁽²⁰⁾. Þannig er umtalsverður munur á þessum samningum og samningnum, sem hér er til athugunar, bæði að því er varðar gildistíma og skilmála viðskiptanna.

Það, sem hér þarf að taka til athugunar, er hvort einkafjárfestir í markaðshagkerfi hefði tekið þann kost að gera tvíhliða langtímasamning um sama verð og með sömu skilyrðum og í samningnum sem hér er til umfjöllunar. Við mat á þessu getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki látið eigin sjónarmið sín um eðlilegar viðskiptaforsendur veða þyngra en sjónarmið sveitarstjórnarinnar, heldur verður að dæma athafnir hennar sem raforkusala á breiðum forsendum. Þannig verður samningurinn, sem sveitarstjórnin hefur kosið að gera, því aðeins flokkaður sem ríkisaðstoð að ekki sé unnt að finna aðra sennilega skýringu á honum ⁽²¹⁾. Þar eð markaður fyrir tvíhliða langtímasamninga er fyrir hendi og unnt er að ákvarða hvert markaðsverð þeirra er verður að líta svo á að markaðsfjárfestar kunni, eftir atvikum, að taka slíka samninga fram yfir sölu á stundarverði, jafnvel þótt meiri hagnaður kynni að hafa orðið af því að selja orkuna í orkukauphöll (og fá þannig stundarverð fyrir hana). Ýmsar góðar viðskiptalegar ástæður geta verið fyrir því að taka einn, áreiðanlegan kaupanda fram yfir sveiflukennt verð í orkukauphöll á tilteknu tímabili, til að mynda þær að draga úr áhættu og ná fram einfaldari umsýslu.

Að þessu athuguðu er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að rétt sé að bera samningsverðið saman við meðalverð samninga sem gerðir voru um sama leyti, á svipuðum forsendum og til álíka langs tíma. Stofnunin tekur sérstaklega fram að það, sem þarf að meta, er hversu hátt markaðsverð seljandi gat búist við að fá á þeim tíma sem samningurinn var gerður, ekki hvernig verðþróun var á markaði síðar á samningstímanum.

1.2.2 Tölur um markaðsverð í tvíhliða langtímasamningum

Til þess að slá því föstu hvert markaðsverðið var í tvíhliða langtímasamningum um það leyti sem samningurinn var gerður hafa stjórnvöld í Noregi lagt fram, í athugasemdum sínum við ákvörðun stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, tölur frá norsku hagstofnunni um verð fyrir raforku sem viðskipti voru með á heildsölumarkaði og verð fyrir sérleyfisorku á árunum 1994 til 2005 (24. tafla norsku hagstofunnar á þeim tíma, nú 23. tafla).

23 Verð fyrir raforku sem viðskipti voru með á heildsölumarkaði og verð fyrir sérleyfisorku. 1994–2007. Øre/kWh ⁽²²⁾

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Tvíhliða samningar, samtals	13,2	14,4	16	17,1	13,5	13,2	12,5	14,7	16,5	21,9	18,9	19,1	26,4	24,1
Samningar til 1 árs eða skemmri tíma	11,9	14,7	17,2	19,6	15,1	13,4	12,5	18,4	20,5	29,2	23,8	23,6	36	24,2
Samningar til 1–5 ára	14,2	15,6	16,8	18,7	14,9	15,6	15,2	13,6	17,3	21	18,8	18,5	23,7	31
Samningar til lengri tíma en 5 ára	13,5	12,7	14	13,7	11,2	11	10,7	10,5	10,4	12,4	12,4	12,1	20,6	15,5
Markaðsviðskipti með orku, samtals	17,3	12,3	25,4	14,2	12,1	11,7	11	19	21,6	30,8	23,8	24,7	39,5	24,3
Stundarverð	18,2	11,3	25,4	14,3	12,1	11,7	11	18,8	21,6	30,8	24,9	24,7	39,6	24,3
Orkustýringar- markaður	17,3	14,8	25,3	13,6	12,1	11,8	10,3	19,1	20,8	30,5	23,8	24,3	38,4	24,4
Sérleyfisorka	9,8	9,4	10,4	10,9	9,1	10	9,3	10	9,7	8,7	7,6	7,5	6,8	7,6

⁽²⁰⁾ Sjá nánari skýringar á slóðinni http://www.nordpoolspot.com/trading/The_Elspot_market.

⁽²¹⁾ Sjá sem hliðstæðu leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ákvæða um ríkisaðstoð gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðslugeiranum, 1. og 3. tölul. 5. mgr.

⁽²²⁾ http://www.ssb.no/english/subjects/10/08/10/elektrisitetar_en/tab-2009-05-28-23-en.html.

Eins og fram kemur í töflunni var meðalverð á kWh í tvíhliða samningum til 1–5 ára 13,6 öre árið 2001 og 17,3 öre árið 2002. Í samningum til lengri tíma en fimm ára var verðið 10,5 öre og 10,4 öre. Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað upplýsinga frá norsku hagstofnunni um samningana sem tölurnar byggjast á. Að sögn hagstofunnar voru tölurnar í töflunni byggðar á verði samkvæmt heildsölusamningum sem voru í gildi viðkomandi ár, að meðtöldum eldri samningum sem enn voru í gildi. Hins vegar var ekki tekið tillit til samninga við neytendur ⁽²³⁾. Norska hagstofnan hefur einnig afhent stjórnvöldum í Noregi tæknilega útlistun á gagnamenginu sem byggt er á ⁽²⁴⁾.

Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA einnig komist að því að aðrar tölur frá norsku hagstofnunni geta skipt máli í þessu samhengi, og þá einkum 7. tafla, „Time series covering quarterly and yearly prices of electric energy in the whole sale market, taxes excluded“:

7 Tímaraðir sem sýna heildsöluverð fyrir raforku á ársfjórðungs- og ársgrundvelli, án skatta ⁽²⁵⁾

	1 2001	2 2001	3 2001	4 2001	1 2002	2 2002	3 2002	4 2002	1 2003	2 2003	3 2003	4 2003
Sala á raforku	24,3	17	15,8	16,1	16,9	13	14,2	25,6	29,2	20,7	23,8	25,4
Samningar á föstu verði, afltaxti	13,7	12,1	13,6	17,4	16,1	14,6	12,6	11,2	23,7	10,7	10,9	11,1
Samningar á föstu verði, orkutaxti	21,5	19,8	17,9	17,8	18,7	15,9	14,4	20,6	26,1	22,1	28,1	24,4
Aðgangur að rafmagni	21,5	15,8	14,7	15	14,3	11,5	12,6	22,6	28,3	21,1	21,1	21,9
Nýir samningar á föstu verði (gerðir síðustu 3 mánuði fyrir vikuna sem mæling fer fram)	13,8	15,6	:	:	:	:	:	:	:	:	:	33,1

	1 2004	2 2004	3 2004	4 2004	1 2005	2 2005	3 2005	4 2005	1 2006	2 2006	3 2006	4 2006
Sala á raforku	21,2	19,2	21,3	19,9	18,9	23,4	22,6	21,6	30,7	25,5	44,1	38,2
Samningar á föstu verði, afltaxti	17,8	10,9	16	11	12,1	11,9	11,1	10,5	10,7	10,7	10,5	13,8
Samningar á föstu verði, orkutaxti	20,7	21,5	23,2	20,7	22,6	21,6	17,9	20,3	26,9	21,9	36,7	33
Aðgangur að rafmagni	19,6	17,3	19,7	19,1	16,8	22,8	22	18,6	29	26,2	42,7	36,7
Nýir samningar á föstu verði (gerðir síðustu 3 mánuði fyrir vikuna sem mæling fer fram)	:	25,5	:	18,9	23,2	33,5

Með vísan til orðalags samningsins ⁽²⁶⁾ virðist sem samningur sveitarfélagsins Notodden við Becromal sé samningur um svonefndan „afltaxta“, þ.e. samningur sem gerir ráð fyrir afhendingu á föstu afli á hverri mínútu allan samningstímamann ⁽²⁷⁾. Í samningum um fastan afltaxta (önnur lína töflunnar hér á undan) var meðalverðið 12,1 öre/kWh hinn 14. maí 2001, og 14,6 öre/kWh hinn 10. maí 2002.

Þá sést í neðstu línu töflunnar verð samkvæmt nýjum samningum um fast verð sem gerðir voru síðustu 3 mánuði fyrir vikuna sem mæling fór fram. Verð á öðrum ársfjórðungi 2001 var samkvæmt þessu 15,6 öre/kWh, en verðið á öðrum ársfjórðungi 2002 virðist ekki vera þekkt. Þessar tölur taka til jafnt samninga um afltaxta sem samninga um orkutaxta.

⁽²³⁾ Skjal nr. 495870.

⁽²⁴⁾ Skjal nr. 503107, *Redegjærelse SSB*.

⁽²⁵⁾ Hér eru aðeins birtir þeir dálkar og þær línur úr töflunni sem sýna þær upplýsingar um verð og tímabil sem mestu skipta. Töfluna má nálgast í heild á slóðinni http://www.ssb.no/english/subjects/10/08/10/elkraftpris_en/arkiv/tab-2009-04-06-07-en.html.

⁽²⁶⁾ 2. mgr. samningsins hljóðar svo: „Afhentri orku skal dreift jafnt yfir hvert ár þannig að úttekið afl sé hið sama á hverjum einstökum tíma allt almanaksárið.“

⁽²⁷⁾ Skjal nr. 521166, rafpóstur frá norsku hagstofnunni dagsettur 5. júní 2009. Hið andstæða við samninga um afltaxta eru samningar um „orkutaxta“, þ.e. samningar sem gera notanda kleift að ráða því hversu mikið afl er tekið út á hverjum tíma.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig aflað talna frá Nord Pool. Tölurnar, sem Nord Pool hefur lagt fram, sýna meðalverð hvers dags samkvæmt framvirkum samningum til eins árs sem viðskipti hafa verið með í orkukauphöll. Verðið endurspeglar verð samkvæmt framvirkum samningum hvern tiltekinn dag. Hinn 14. maí 2001 var verð í samningum af þessum tegundum 18,4 øre/kWh, 17,413 øre/kWh og 17,75 øre/kWh ⁽²⁸⁾.

Loks birtir norska hagstofan einnig tölur um raforkuverð til neytenda ⁽²⁹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA fær þó ekki séð að þær tölur skipti miklu um mat á samningnum sem hér er til athugunar, þar eð verð til orkufreks iðnaðar byggist samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar að öllum líkindum á langtímasamningum með niðurgreiðslu ríkisins sem gerðir voru áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi. Það verð er því miklu lægra en heildsöluverðið sem fjallað er um hér á undan ⁽³⁰⁾.

1.2.3 *Vægi mismunandi verðtalna við ákvörðun á markaðsverði fyrir Becromal-samninginn*

Til þess að geta skilgreint vel sambærilegar verðtölur er nauðsynlegt að skoða samninginn milli Notodden og Becromal í smáatriðum.

Samningurinn var gerður 10. maí 2002 en gildir afturvirkir frá upphafi afhendingar hinn 14. maí 2001. Þess vegna er álitamál hvort réttara er að nota sem viðmiðun verð sem gildi 10. maí 2002 eða verð sem gildi 14. maí 2001. Eðlilegt virðist að líta fyrst til dagsins sem samningurinn var gerður, enda er það þá sem samningsaðilar ákveða verð og aðra samningsskilmála með hliðsjón af væntri þróun markaðsins. Þegar um er að ræða afturvirkann samning, eins og í þessu tilviki, hlýtur þó að hafa verið fyrir hendi, allt frá því að afhending orkunnar hófst, óformlegt samkomulag af einhverju tagi um verð og skilmála sem miða skyldi við. Því litur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hafa beri hliðsjón ekki aðeins af verðinu sem gildi daginn sem samningurinn var gerður, heldur einnig almennri verðþróun á þeim tíma sem afhending hófst og samningurinn var gerður.

Í öðru lagi verður að taka fram að viðmiðunarverðið þarf helst að byggjast á samningum svipaðs eðlis og til álíka langs tíma. Þá er átt við samninga um fastan afltaxta með hér um bil fimm ára gildistíma. Ef þess er nokkur kostur er einnig æskilegt að viðmiðunarverðið sé byggt á tölum um samninga sem voru *gerðir* árin 2001–2002, en ekki samningum sem voru einfaldlega í gildi á þeim tíma.

Að þessu athuguðu er rétt að benda fyrst á að verð af Nord Pool virðist skipta tiltölulega litlu máli þar sem það endurspeglar verð í *framvirkum* samningum til eins árs. Framvirkir samningar varða ekki orku sem er tilbúin til afhendingar, heldur tryggja þeir kaupanda ákveðið magn orku á umsömdu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Nauðsynlegt er að kaupa hina eiginlegu orku á stundarmarkaði til þess að geta uppfyllt samninginn þegar þar að kemur. Framvirkir samningar eru gerðir til þess að tryggja fast verð á orku sem þörf verður á í framtíðinni ⁽³¹⁾. Slíkir samningar eru því gerðir á öðrum forsendum en samningurinn sem hér er til umfjöllunar, og snýst um afhendingu á eiginlegri orku frá tilteknu orkuveri, og líta verður á þá sem vöru af allt öðru tagi. Eftirlitsstofnun EFTA litur því svo á að verð á framvirkum markaði sé ekki nauðsynlega sambærilegt með beinum hætti við verðið sem um samdist milli Becromal og sveitarfélagsins Notodden.

Að því er varðar 24. töflu, sem er endurprentuð hér á undan, kemur fram í henni verð samkvæmt öllum samningum sem voru í gildi viðkomandi ár. Hið sama gildir um verð samkvæmt samningum um afltaxta í 7. töflu („Time Series covering quarterly and yearly prices of electric energy in the wholesale market, taxes excluded, øre kWh“). Æskilegast væri að bera verðið, sem Becromal greiddi, saman við verð samkvæmt samningum sem voru gerðir árið 2001, en ekki verð samkvæmt öllum samningum sem voru í gildi á þeim tíma. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hins vegar ekki fengið slíkar upplýsingar í hendur. Verð samkvæmt nýjum samningum á föstu verði, sem gerðir hafa verið síðustu þrjá mánuði (neðsta línan í 7. töflu), endurspeglar aftur á móti verð

⁽²⁸⁾ Skjöl nr. 521164 og 521163.

⁽²⁹⁾ Sbr. 19. töflu, „Weighted average prices for electricity and grid rent, exclusive of VAT. 1997–2007. Øre/kWh“, http://www.ssb.no/english/subjects/10/08/10/elektresitetaar_en/tab-2009-05-28-19-en.html.

⁽³⁰⁾ Skjal nr. 495870, rafpóstur frá norsku hagstofunni dagsettur 8. október 2008.

⁽³¹⁾ Á vefsetri Nord Pool má finna lýsingu á grundvallareinkennum framvirkra viðskipta með orku: <http://www.nordpoolspot.com/en/PowerMarket/The-Nordic-model-for-a-liberalised-power-market/The-financial-market>.

í nýjum samningum. Í þeim tölum er ekki greint á milli samninga um afltaxta og samninga um orkutaxta. Þar eð verð samkvæmt samningum um afltaxta virðist að jafnaði nokkru lægra en verð samkvæmt samningum um orkutaxta annars staðar í töflunni má ætla að verð samkvæmt nýjum samningum um afltaxta hefði einnig verið nokkru lægra hefðu slíkir samningar verið tilgreindir sérstaklega. Þá virðist sem norska hagstofan hafi ekki undir höndum nægilega ítarleg gögn um verð samkvæmt samningum af þessu tagi frá þriðja ársfjórðungi 2001 til þriðja ársfjórðungs 2003, þar eð ekkert verð er tilgreint í töflunni fyrir þetta tímabil.

Það er lokaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ekki sé unnt að byggja á neinu einu verði í þessum gögnum við ákvörðun á markaðsverði fyrir samninga þessarar gerðar sem gerðir voru á umræddum tíma. Jafnframt er verð samkvæmt tvíhliða samningum til 1–5 ára ⁽³²⁾ í 24. töflu, verð samkvæmt samningum um fastan afltaxta í 7. töflu og verð samkvæmt nýjum samningum á föstu verði í sömu töflu í öllum tilvikum verð í samningum af sama eða svipuðu tagi. Þetta verð *skiptir því máli* um ákvörðun á markaðsverði fyrir Becromal-samninginn. Úr þessum tölum má lesa verðbil sem stofnunin telur að geti verið gagnleg visbending um markaðsverðið.

Í 24. töflu kemur fram að verð samkvæmt samningum til 1–til 5 ára, sem voru í *gildi* árin 2001 og 2002, var 13,6 öre/kWh fyrra árið og 17,3 öre/kWh síðara árið. Verð samkvæmt samningum til lengri tíma en fimm ára var annars vegar 10,5 öre/kWh og hins vegar 10,4 öre/kWh. Í 7. töflu kemur fram að verð samkvæmt samningum um fastan afltaxta, sem voru í *gildi* á öðrum ársfjórðungi árin 2001 og 2002, var annars vegar 12,1 öre/kWh og hins vegar 14,6 öre/kWh. Loks var verð samkvæmt nýjum samningum á föstu verði, sem gerðir voru á öðrum ársfjórðungi 2001, 15,6 öre/kWh. Allmikill munur er á þessum verðtölum og þær geta vart talist beinlínis sambærilegar. Þó er ekki annað að sjá en verðið í Becromal-samningnum, þ.e. 13,5 öre/kWh, falli innan þess verðbils sem lesa má út úr þessum verðgögnum. Jafnframt virðist markaðurinn hafa einkennst af nokkurri óvissu, þegar litið er til þess að umtalsverður munur er á sumum verðtölum frá einum ársfjórðungi til annars (sjá 7. töflu).

Til þess að niðurstaðan geti orðið sú að samningsverðið hafi fært Becromal hagræði í skilningi ríkisástoðarreglanna verður Eftirlitsstofnun EFTA að geta staðfest að verðið viki *nægilega mikið* frá ríkjandi markaðsverði til að slík niðurstaða sé réttlætlanleg ⁽³³⁾. Eins og getið hefur verið er ekki unnt að ákvarða nákvæmlega hversu hátt markaðsverðið hefði verið fyrir samninginn um það leyti sem hann var gerður. Hins vegar má fá allgóða hugmynd um verðbilið sem ríkti á markaðnum með því að skoða almennt orkuverð á þessum tíma, og þá einkum verð samkvæmt heildsölusamningum til 1–5 ára á árinu 2001 (13,6 öre/kWh, 23. tafla), verð samkvæmt samningum um fastan afltaxta á öðrum árshelmingi 2001 (12,1 öre/kWh, 7. tafla) og verð samkvæmt nýjum samningum á föstu verði sem voru gerðir á öðrum ársfjórðungi 2001 (15,6 öre/kWh, 7. tafla). Þá var verð samkvæmt samningum til fimm ára 10,5 öre/kWh árið 2001, eins og nefnt hefur verið. Í upphaflega samningnum var umsamið verð 13,4 öre/kWh. Með vísan til almennrar verðþróunar á viðkomandi tímabili, eins og henni hefur verið lýst hér á undan, og þá einkum þess verðs sem nærtækast virðist að nota til samanburðar, er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að ekki sé nægilega mikill munur á samningsverðinu og sennilegu markaðsverði til þess að stofnunin geti ályktað að Becromal hafi haft efnahagslegt hagræði af samningnum.

Að því er varðar samninginn um framlengingu gildistíma er það skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA að Becromal hafi haft til þess *lagalegan rétt* samkvæmt 7. mgr. upprunalega samningsins að framlengja samninginn frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007 með þeim skilyrðum sem sett eru í málsgreininni. Þetta ákvæði var í upprunalega samningnum; um það var samið og það varð bindandi fyrir samningsaðila á tímabilinu 2001/2002. Í stað þess að semja um þetta ákvæði hefðu samningsaðilar getað farið þá leið að gera í upphafi samning til sex ára fremur en fimm á verðinu 13,5 öre/kWh. Að þessu virtu litur stofnunin svo á að verðið, sem gildi á framlengingartímanum, skuli metið eins og það hafi verið ákveðið í upprunalega samningnum, þ.e. með vísan til markaðsverðs samkvæmt tvíhliða langtímasamningum sem gerðir voru á tímabilinu 2001/2002. Eins og nefnt hefur verið var verð á tímabilinu, sem framlengingin náði til, 15,21 öre/kWh

⁽³²⁾ Gildistími samningsins er nálægt sex árum þegar samningurinn um framlengingu gildistímans er talinn með. Eftirlitsstofnun EFTA telur þó eðlilegt að ætla að eftir sem áður sé meiri ástæða til að bera samninginn saman við aðra samninga til 1–5 ára, þar eð allir samningar til lengri tíma en fimm ára eru teknir saman í eina tölu, og þá einnig samningar til mjög langs tíma (t.d. meira en 20 ára).

⁽³³⁾ Sjá sem hliðstæðu umsagnir undirréttar EB í málum sem lúta að sölu fasteigna: Mál T-274/01 *Valmont*, [2004] ECR II-3145, 45. mgr., og sameinuð mál T-127/99, T-129/99 og T-148/99, *Diputación Foral de Alava*, [2002] ECR II-1275, 85. mgr (dómmur var ekki áfrýjað að því er varðaði þetta málsatriði).

og 14,20 øre/kWh, eftir árstíma. Þar sem þetta verð er hærra en upprunalega samningsverðið, þ.e. 13,5 øre/kWh, viku þáð ekki nægilega mikið frá því verðbili markaðsverðs, sem telja má hæfilega ákveðið samkvæmt þeim sjónarmiðum er lýst var hér á undan, til þess að efnahagslegt hagræði teljist vera fyrir hendi.

Að teknu tilliti til þessara aðstæðna er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að samningurinn við Becromal hafi ekki fært fyrirtækinu hagræði í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2 Niðurstaða

Með vísan til ofangreinds mats lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að samningurinn milli sveitarfélagsins Notodden og Becromal Norway AS, sem gildi á tímanum 14. maí 2001 til 31. mars 2006, og var síðan framlengdur frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007, hafi ekki haft í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

